

Sveitarfélagið Hornafjarður  
Hjalti Þór Vignisson,  
bæjarstjóri  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. júlí 2013  
Tilvísun: UST20130500150/ksj

## Drög að aðalskipulagi Hornafjarðar 2013 - 2030. Umsögn

Vísað er til erindis bæjarstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 24. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2014 – 2030.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við drög að aðalskipulagi Hornafjarðar 2014 - 2030

### Veitur

Í umfjöllun um stefnu sveitarfélagsins varðandi veitur kemur fram að megin áhersla er á að tryggja öruggan flutning raforku um sveitarfélagið. Umhverfisstofnun bendir á að þegar nýr strengur Landsnets verður lagður um sveitarfélagið þá er mikilvægt að huga að lagningu hans við Jökulsárlón. Ef færa á stæði strengsins norður fyrir Hringveg þá er mikilvægt að á svæðinu þar sem ferðaþjónusta mun byggjast upp við Jökulsárlón verði strengurinn lagður í jörð til að forðast það að ferðaþjónustan og þeir er fara um Hringveg upplifi neikvæð sjónræn áhrif af möstrum og línu á þessu mikla náttúruminjasvæði.

### Efnistökusvæði

Í ofangreindum drögum kemur fram að stefnt er að nýtingu jarðefna í sveitarfélaginu til mannvirkjagerðar og jafnframt kemur fram sú stefna að huga skuli að möguleikum til að fækka og/eða sameina námur. Fram kemur í umhverfisskýrslu að gert er ráð fyrir miklum fjölda efnistökusvæða og einnig kemur fram að efnistökusvæði eru staðsett á svæðum á náttúruminjaskrá.

Að mati Umhverfisstofnunar er hér um ósamræmi að ræða milli stefnu og fjölda efnistökusvæða, og telur stofnunin mikilvægt að unnið sé að fækkun efnistökusvæðanna og að efnistökusvæði á svæðum á náttúruminjaskrá verði lokað ef þess er nokkur kostur. Umhverfisstofnun setur spurningamerki við efnistöku úr hlíðum og skriðum, jökulöldum og aurkeilum eins og t.d. við Fláajökul og Virkisá/Falljökul. Á slíkum svæðum ætti að beina á efnistöku eingöngu á áraura. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að efnistöku úr skriðum og fjallshlíðum sé hætt, sjónræn áhrif af slíkri efnistöku eru neikvæð og nægjanlegt

efni fæst úr farvegum og áraurum. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að á lista yfir námur eru ýmsar námur sem ekki er lengur unnið efni úr s.s. Þorgeirsstaðatindur/Volasel, en til stendur að ganga frá þeirri námu ef því er ekki lokið. Að mati Umhverfisstofnunar eiga efnistökusvæði í aðalskipulagi að vera þau svæði sem nýta á skipulagstímabilinu. Efnistökusvæði sem ekki á að nýta á tímabilinu 2014 – 2030 sem og efnistökusvæði sem búið er að ganga frá á ekki að sýna sem efnistökusvæði á uppdrætti.

### **Frístundabyggð**

Um fjöllum um frístundabyggð á bls. 34 hefst á röngum texta. Í yfirliti yfir frístundabyggðir í sveitarfélaginu er gefinn upp fjöldi lóða innan hvers svæðis, en ekki kemur fram hvaða svæði eru ný, og ekki kemur fram hve stór hluti eldri svæðanna er þegar byggður. Auk upplýsinga um hvort svæði eru ný eða eldri og hve margar lóðir innan hvers svæðis eru þegar byggðar, mætti koma fram í greinargerð landnotkun áætlaðra frístundabyggða.

Þar sem vinsælt er að áætla frístundabyggðir á svæðum með upprunalegum birkiskógi bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að upprunalegum birkiskógi sé hlíft þegar deiliskipulag slíkra frístundasvæða er unnið, og að á svæðum eins og í Gjádal þar sem mikið er um kjarr, að frístundahús og vegir verði ákvarðaðir á svæðum þar sem minnst er um kjarr.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt riti umhverfisráðuneytisins: Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga, er flatarmál upprunalegra birkiskóga áætlað um 1200 ferkílómetrar en er talið hafa verið 25.000 - 30.000 ferkílómetrar við landnám. Þetta þýðir að útbreiðsla birkiskóga er nú 5% af því sem hún var við landnám og í dag þekja náttúrulegir birkiskógar 1,2 % af landinu.

### **Faxeýrarhöfn**

Í umfjöllun um núverandi höfn í sveitarfélaginu Hornafjörður kemur fram að árlega þarf að dæla um 25.000 m<sup>3</sup> af efni úr höfninni sjálfri vegna viðhaldsdýpkunar. Einnig kemur fram að ný Faxeýrarhöfn mundi verða betur staðsett hvað varðar aurburð. Skoðaðir eru þrír kostir varðandi hafnarmál í framtíðinni: Óbreytt ástand, Faxeýrarhöfn í einum áfanga og áfangaskipt uppbygging Faxeýrarhafnar. Að mati Umhverfisstofnunar myndi óbreytt ástand hafa minnst rask í för með sér, en gæta þarf þess að dýpkunaraðgerðir hafi sem minnst umhverfisáhrif í för með sér. Að mati stofnunarinnar þarf meiri upplýsingar um uppbyggingu Faxeýrarhafnar, þ.e. skýringaruppdrætti og magntölur vegna landfyllinga. Umhverfisstofnun bendir á að eins og fram kemur í umhverfisskýrslu eru leirur og sjávarfitjar mikilvægar náttúruminjar.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að fara í aðgerðir til úrbóta í fráveitumálum Hornafjarðar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að aðgerðir verði tímasettar í aðalskipulagi.

### **Hringvegur við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi**

Í umhverfisskýrslu er fjallað um að vegur og brú á Breiðamerkursandi sunnan Jökulsárlóns eru í hættu vegna ágangs sjávar. Í skýrslunni eru skoðaðir þrír kostir: Óbreyttur vegur með auknum rofvörnum, hnikun Hringvegar til norðurs samkvæmt tillögu Hornafjarðar og tilfærsla Hringvegar lengra til norðurs og þjónustusvæði fært. Að mati Umhverfisstofnunar mun landbrot á svæðinu hafa mest áhrif á þróun vegar sunnan Jökulsárlóns og þá er mikilvægast að velja þann kost sem hefur minnst rask og önnur umhverfisáhrif í för með sér.

### **Jökulsá**


Í umhverfisskýrslu er umfjöllun um Jökulsána og hvernig aukinn straumhraði árinna í


farvegi hennar eykst. Af þeim sökum eru í skýrslunni skoðaðir möguleikar á að loka núverandi farvegi árinna og leiða hana um annan og lengri farveg. Umhverfisstofnun er mótfallin svo miklum inngrípum í náttúrulegt ástand svæðisins, og telur stofnunin að Jökulsá eigi að vera í óbreyttum farvegi.

### **Breyting á hringvegi á milli Skeiðarár og Virkisár**

Í umhverfisskýrslu eru skoðaðir tveir kostir fyrir Hringveg á milli Skeiðarár og Virkisár. Miðað við þær upplýsingar sem eru fyrirleggjandi í umhverfisskýrslu tekur Umhverfisstofnun undir valkost Vegagerðarinnar.

Virðingarfyllt

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

